

Aðalfundur Rauða kross Íslands
haldinn á Selfossi
21. - 22. maí 2004

*

Frá orðum til athafna.

*

Aðalfundur Rauða kross Íslands hófst föstudaginn 21. maí kl. 15.00 með setningarathöfn.

Í setningarávarpi bauð Úlfar Hauksson formaður Rauða kross Íslands fundarmenn og gesti velkomna. Hann kynnti að Pálín Dögg Helgadóttir muni kynna dagskrá setningarathafnarinnar.

Marianne Brandsson- Nielsen, formaður Árnesingadeildar RKÍ bauð fulltrúa og gesti velkomna á Selfoss.

Venjuleg aðalfundarstörf skv. 5. gr. laga Rauða kross Íslands.

1. Stjórnin athugar kjörbréf fulltrúa deilda og leggur fram til úrskurðar fundarins.

119 fulltrúar hafa skráð sig á fundinn frá 43 deildum. Nú á föstudegi eru 82 fulltrúar mættir frá 40 deildum. Samþykkt kjörbréfa er síðan frestað til laugardagsmorguns.

2. Skipun starfsmanna fundarins

Fundarstjórar voru kosnir: Björn Friðfinnsson og Ólafur Helgi Kjartansson.

Fundarritarar voru kosnir: Njörður Helgason svæðisfulltrúi á Suðurlandi og Suðurnesjum og Sveinn Kristinsson svæðisfulltrúi á Vesturlandi, þeim til aðstoðar var Bryndís Friðgeirsdóttir svæðisfulltrúi á Vestfjörðum.

3. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til umræðu og staðfestingar.

Fundargerðin var samþykkt samhljóða án athugasemda.

4. Skýrsla stjórnar Rauða kross Íslands um síðasta starfsár lögð fram.

Úlfar Hauksson, formaður Rauða kross Íslands flutti skýrslu stjórnar.

Í upphafi fjallaði hann stuttlega um þá stefnumótun sem stjórnin hefði unnið að á síðasta ári. Ný stefna fyrir félagið hefði verið samþykkt á síðasta aðalfundi þess. Í framhaldinu ræddi stjórnin og samþykkti vinnulag við gerð fjögurra ára áætlana fyrir

deildir, svæði og landsskrifstofu. Sú vinna sem fram fór innan félagsins á haustmánuðum síðasta árs heppnaðist mjög vel og nú er í fyrsta sinn komið heildaryfirlit yfir fyrirhuguð verkefni allra starfseininga félagsins á næstu fjórum árum. Áætlanirnar verða endurskoðaðar í haust og bætt við einu ári, þ.e. verkefnum á árinu 2008. Úlfar sagði að búast mætti við að mun auðveldara og fljótlegra yrði að endurskoða áætlanirnar nú í haust, en þegar þær voru unnar í fyrsta skipti.

Vinnuhópar á vegum stjórnarinnar hafa unnið að endurskoðun á verkefnum í barna- og ungmennastarfi, um félagsaðild og um starf að málefnum hælisleitenda. Þá hefur laganevnd verið að störfum en um lagabreytingar verður fjallað undir öðrum dagskrárlið.

Barna og ungmennamál.

Vinnuhópurinn fjallaði ítarlega um verkefni félagsins á þessu sviði og lagði fram verkefnaáætlun sem unnið verður eftir á næstu misserum. Í tillögum hópsins kom m.a. fram að:

- leitast verður við að tryggja að ungt fólk komi sem mest að ákvarðanatöku innan félagsins, m.a. með setu í nefndum, ráðum og vinnuhópum;
- deildir verða hvattar til að nýta krafta ungs fólks í stjórnnum sínum;
- áfram verður unnið að þróun þeirrar starfsemi sem fram fer í ungmennahúsum og að unnið að því að Rauða kross fræðsla fari fram í húsunum.

Endurskoðun félagsaðildar.

Vinnuhópurinn lagði fram tillögur sem stjórnin fór yfir og ýmislegt úr þeim var felld inn í tillögur um lagabreytingar sem liggja fyrir þessum aðalfundi.

Þar er m.a. gert ráð fyrir að félagar undir 18 ára aldri greiði ekki félagsgjald og að félagar sem náð hafa 67 ára aldri geti verið undanþegnir félagsgjaldi óski þeir þess. Gert er ráð fyrir að setja útnefningu heiðursfélaga í fastari skorður og að heiðursfélagar geti orðið fleiri en verið hefur. Þá er stefnt að því að félagar í Rauða krossinum fái send félagsskírteini sem jafnframt geta verið afsláttarkort í verslunum og veiti afslátt á skyndihjálparnámskeiðum Rauða krossins.

Hugmyndin með þessu er hvatning til greiðslu árgjaldsins og að auka virkni félaganna.

Málefni hælisleitenda.

Á undanförunum árum hefur Rauði krossinn séð að flestu leyti um móttöku og aðhlyningu þess fólks sem leitar hælís hér á landi, bæði um réttindagæslu þegar opinber yfirvöld taka umsóknir þeirra fyrir. Einnig hefur félagið séð um umönnun þessa fólks sem felst í að veita því húsaskjól og vasapeninga. Þetta verkefni hefur verið nokkuð þung byrði fyrir félagið á undanförunum árum. Hælisleitendum hefur fjölgað töluvert og stjórnvöld hafa ekki verið reiðubúin að endurgreiða nema hluta af kostnaði

félagsins vegna þessa málaflokks. Vinnuhópurinn sem fjallaði um málefni hælisleitenda komst að þeirri niðurstöðu að eðlilegast væri að Rauði krossinn drægi sig út úr umönnunarhlutverkinu en sinnti þeim mun betur réttindagæslu og málsvarastarfi. Rauði krossinn hvatti stjórnvöld til að semja við sveitarfélög um að þau tækju að sér umönnun hælisleitenda. Ríkið hefur gert þannig samning við Reykjanesbæ.

Frá áramótum 2003–2004 hefur Rauði krossinn þess vegna sinnt réttindagæslu og fylgst með aðbúnaði hælisleitenda og verið í góðu sambandi við alla þá aðila sem vinna að þessum málaflokki. Úlfar sagði þessa breytingu á verksviði félagsins vera í samræmi við samþykktir alþjóðahreyfingarinnar og skyldur RKÍ samkvæmt samstarfssamningi við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Nýja fyrirkomulagið hefði einnig í för með sér mun minni kostnað fyrir félagið.

Úlfar þakkaði vinnuhópunum þremur fyrir vel unnin störf í þágu félagsins. Hann sagði rétt að nefna það, að áfram þyrfti að vinna að stefnu einstakra málaflokka. Nýrrar stjórnar biði þau verkefni að ganga frá nánari útfærslu á alþjóðlegu hjálparstarfi félagsins og einnig að fara yfir stefnu félagsins í málefnum útlendinga. Opinberir aðilar hafi smám saman verið að auka þjónustu sína við útlendinga svo ekki væri jafn mikil þörf fyrir að deildir félagsins miðli upplýsingum til þessa hóps.

Fjármál Rauða krossins.

Tekjur félagsins af söfnunarkössum hafa verið að dragast saman. Úlfar sagði brýnt að breikka fjárhagsgrundvöll félagsins. Minnkandi kassatekjur séu verulegt áhyggjuefni en þess beri þó að geta að á nokkrum árum hafa aðrar tekjur félagsins aukist umtalsvert. Fyrir nokkrum árum voru kassatekurnar meira en 80% af tekjum félagsins en nú er hlutfallið komið undir 60%. Úlfar sagði eina skýringu þess aukna kostnaðarhlutdeild ríkisvaldsins í sameiginlegum verkefnum, og nefndi t.d. sjúkraflutninga og rekstur sjúkrahótels. Hann sagði að áfram yrði unnið að því að fá ríkið til að taka aukinn þátt í verkefnum.

Hann sagði að kassatekurnar væru grundvöllur tekna deilda og í sumum tilfellum einu tekjurnar. Því þurfi að skoða fjármálin og tekjuskiptinguna í heild.

Starfsemi deilda.

Úlfar sagði að deildir félagsins yrðu sífellt öflugri og starfsemi þeirra viðameiri. Deildirnar hafi unnið ötullega að áhersluverkefnunum þremur sem samþykkt voru á aðalfundinum árið 2000. Margvíslegri þjónustu fyrir einmana og sjúka, börn og ungmenni og fyrir geðfatlaða hafi verið hrundið af stað víða um land. Sífellt fleiri deildir sinni heimsóknarþjónustu fyrir einmana og sjúka og sé gert ráð fyrir að þær verði orðnar 27 í lok þessa árs. Ungmennahúsunum fjölgi og starf í þágu geðfatlaðra sé að eflast. Fjórdá athvarfið fyrir geðfatlaða – Lækur í Hafnarfirði – var opnað á síðasta ári og þar með eru athvörfin orðin fjögur. Á svæðunum hafa verið gerðar kannanir á stöðu

geðfatlaðra og lýkur því verki á næsta ári. Úlfar sagði mikilvægt að þessi þekking lægi fyrir, svo að hægt væri að beita félaginu í þessum málaflokki.

Á formannafundi 2003 unnu formenn deilda að viðmiðum fyrir vel starfandi Rauða kross deild. Samanteknar skoðanir formannanna voru birtar sem einskonar gátlisti. Þessi listi er upplagður til að taka fram með reglulegu millibili og fara yfir hvernig starfinu miðar.

Starfssemi landsskrifstofu.

Í vetrarbyrjun var skipulag landsskrifstofu Rauða krossins endurskoðað og því breytt nokkuð í samræmi við nýja stefnu félagsins. Skipulag skrifstofunnar tekur nú mið af samþykktri stefnu félagsins og skiptist upp í útbreiðsluvið, innanlandssvið og alþjóðasvið. Stjórn Rauða krossins lýsir ánægju sinni með þessar breytingar en óskar jafnframt eftir því að árangur þeirra verði metinn í lok árs 2004.

Málefni Alþjóðahreyfingarinnar.

Á aðalfundi Alþjóðasambandsins í desember, sem er haldinn annað hvert ár kom fram að miklir erfiðleikar hafa steðjað að Alþjóðasambandinu á undanförunum árum, m.a. hefur sambandið átt við fjárhagserfiðleika að stríða. Fulltrúar Rauða kross Íslands á fundinum lögðu áherslu á að rík þörf væri fyrir sterkt og árangursríkt Alþjóðasamband. Varað var við því að deilumál innan hreyfingarinnar væru látin yfirskyggja þau miklu verkefni sem hún stendur frammi fyrir. Rauði kross Íslands vill standa vörð um Alþjóðasambandið og efla það eftir því sem frekast er unnt.

Á alþjóðaráðstefnu Rauða krossins og Rauða hálfmánans sem var haldin að loknum aðalfundi Alþjóðasambandsins var eitt helsta umræðuefnið hvernig mætti styrkja Gefnarsamningana í sessi.

Á ráðstefnunni skrifuðu fulltrúar utanríkisráðuneytisins og Rauða kross Íslands undir viljayfirlýsingar um aukið samstarf að alþjóðlegum mannúðarmálum. Aðilar ætla að hafa með sér reglulegt samráð um alþjóðlegt hjálparstarf og komið verður á fót landsnefnd um alþjóðleg mannúðarlög. Einnig á að athuga hvort þörf sé á að setja sérstök lög um starfsemi Rauða kross Íslands og hvort setja eigi lög til að vernda merki Rauða krossins. Á ráðstefnunni var einnig gengið frá viljayfirlýsingu um að heilbrigðisyfirvöld og Rauði krossinn athugi hvort allir landsmenn hafi nægjanlega greiðan aðgang að heilbrigðisþjónustu og heilsuvernd og er þá einkum horft til jaðarhópa, fólks sem ekki hefur full borgaraleg réttindi hér á landi eða er ófært um að sækja þau réttindi.

Verkefni næstu ára.

Í lok mál síns leit Úlfar til framtíðar í starfsemi Rauða krossins. Hann sagði ýmis verkefni biða úrlausnar. M.a. þurfi á næsta ári að ráðast í að gerð nýrrar landskönnunar á getu og þörfum þeirra sem minnst mega sín. Slíkar kannanir hafi verið

gerðar á 4 – 5 ára fresti. Þær hafi verið farsæll grunnur ákvarðana um forgangsverkefni félagsins. Árið 2000 var birt slík landskönnun og á aðalfundinum sama ár var samþykkt að vinna að þremur áhersluverkefnum, þjónustu fyrir geðfatlaða, heimsóknarþjónusta og forvarnir fyrir börn og ungmenni. Þetta þurfi að endurskoða með hliðsjón af nýrri rannsókn.

Formaður þakkaði síðan félögum Rauða krossins fyrir samstarfið á liðnu ári og benti fundarmönnum á að kynna sér árskýrsluna vel.

5. Endurskoðaðir reikningar síðasta reikningsárs lagðir fram.

Ólafur Ólafsson, gjaldkeri Rauða kross Íslands lagði fram reikninga félagsins og skýrði þá.

Heildartekjur félagsins árið 2003 voru 836.980 þúsund krónur. Þar af er stærsti tekjuliðurinn af söfnunarkössum Íslandsspila 517.309 þúsund krónur.

Tekjur félagsins hafa dregist saman um 20.320 þúsund krónur frá því árið 2002, en þá voru tekjurnar 857.300 þúsund krónur. Hlutur Íslandsspila í tekjum Rauða krossins hefur minnkað um 52.151 þúsund krónur á milli ára. Á móti þeirri tekjulækkun koma auknar tekjur af verðbréfum, fasteignum og samningsbundnum verkum við stjórnvöld.

Rekstur Rauða krossins breytist þó úr 30.211 þúsund króna tapi árið 2002 í 29.299 þúsund króna tekjuafgang rekstrarárið 2003.

Skýrsla stjórnar og ársreikningar lögð fram til umræðu.

Þóra Kristín Ásgeirsdóttir þakkaði góða skýrslu. Hún greindi frá breytingum í fulltrúaráði URKÍ. Brynjar Már Brynjólfsson er farinn úr ráðinu en í staðinn er komin Aðalbjörg Sigurjónsdóttir.

Úlfar þakkaði ábendingu Þóru Kristínar. Hann benti jafnframt á heimasíðu RKÍ þar sem lesa má skýrsluna í heild sinni.

Sigríður M. Jóhannsdóttir tók til máls og þakkaði Úlfari skýrsluna og benti á ósamræmi í tölum um hælisleitendur. Úlfar sagði að hælisleitendum hafi fækkað á síðasta ári frá árinu 2002.

Garðar Guðjónsson formaður Kópavogsdeildar RKÍ þakkaði fulltrúum fyrir síðasta aðalfund í Kópavogi. Garðar þakkaði Úlfari Haukssyni og Ólafi Ólafssyni fyrir þeirra yfirferðir á ársskýrslu og ársreikningum félagsins.

Garðar sagði tekjuminkum Rauða krossins áhyggjuefni og spurði um hvað væri verið að gera til að bregðast við tekjulækkun félagsins og hvað ylli tekjulækkuninni. Hann nefndi vörusölu, sem skilaði minni tekjum á síðasta ári. Garðar talaði um að framlög deilda hafi lækkað á milli ára en að framlag til ungmennamála minnki á síðasta ári frá árinu

2002 um rúmar 3,5 milljónir. Hann spurði um viðbótarframlag til Alþjóðasambandsins (IFRC) og hvernig stæði á bágrí fjárhagsstöðu þess. Garðar spurði um 13 milljóna mun á rekstrarkostnaði kynningar- og markaðsdeildar, hún var rekin fyrir 13 milljónum minna árið 2003 en árið 2002. Þá spurði Garðar um framlag Sérverkefnasjóðs til deilda Rauða krossins. Hann ræddi um að upphaflegt markmið Sérverkefnasjóðs hafi verið að auðvelda minni deildum að takast á við stór verkefni. Hann spurði hvort sjóðurinn væri orðinn barn síns tíma, svæðasamstarf hafi aukist. Það geri deildum kleift að ráðast í verkefni á svæðisvísu sem þær tókust ekki á við einar og sér áður. Garðar sagðist spyrja sig hvort 3-5 fulltrúar geti úthlutað svona miklum peningum til deilda og spurði út í ákveðnar úthlutanir Sérverkefnasjóðs og hvort sjóðurinn væri að þjóna tilgangi sínum með framlögum þessum. Garðar velti því upp hvort tímabært væri að leggja Sérverkefnasjóð niður og láta tekjur hans renna beint til deilda félagsins. Þá ræddi Garðar um þær deildir sem fái engar kassatekjur vegna reglna um peningalega eign deilda. Hann spurði hvort þessar deildir væru sáttar við tekjuskерðinguna.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson formaður stjórnar Íslandsspila þakkað Garðari fyrir innlegg hans.

Jóhannes sagði að minni tekjur Íslandsspila skýrðust meðal annars af samningi Rauða krossins, Landsbjargar og SÁÁ um skiptingu tekna af söfnunarkössum. Hann kveði á um að hlutdeild Rauða krossins í tekjunum minnki.

Þá hafi spilun minnkað. Hart sé sótt að félaginu og ímynd þess hafi beðið skaða. Ýmsir aðilar telji það ekki samræmast ímynd aðildarfélaganna að vera með spilakassana. Þá hafi samkeppni frá Happdrætti Háskóla Íslands aukist. Hámarksvinningar HHÍ eru 800.000 kr. en hámarksvinningar Íslandsspila eru 20.000 kr.

Vandséð sé hvað við þessu eigi að gera. Félaginu er þröngt skorinn stakkurinn. Sótt hafi verið um hækkun vinninga, en Jóhannes taldi að það væri þó ekki rétta leiðin. Nýir spilakassar með nýjum leikjum væru væntanlegir, þeir færu inn á vínveitingahúsin. Jóhannes sagði að vilji væri til að Íslandsspil tengdist betur starfssemi félaganna sem að því standa, Rauða krossinum, SÁÁ og Landsbjörg. Landsbjörg og SÁÁ vildu hins vegar ekki láta koma frekar fram samvinnu félaganna um Íslandsspil.

Jóhannes sagði mikinn áhuga á spilun á netinu. Hækkandi hlutfall Íslendinga spili á netinu. Íslandsspil vilji því opna heimasíðu með leikjum á internetinu.

Jóhannes sagði að allar hreinar tekjur Íslandsspila renni til aðildarféлага. Á móti renni aðeins um 25% tekna HHÍ af spilakössum til Háskóla Íslands, afgangurinn fari til útlanda.

Sigrún Árnadóttir svaraði einnig spurningum Garðars Guðjónssonar.

Minnkandi vörusala skýrist meðal annars af minni sölu á skyndihjálpartöskum og skyndihjálparbókum.

Minni framlög til ungmennastarfs á síðasta ári eru aðallega af því að 2002 voru alþjóðlegar sumarbúðir á Íslandi en ekki í fyrra. Plús-C hafi verið gefið út í fleiri eintökum 2002 en 2003.

Minni framlög til markaðs- og kynningardeildar 2003 skýrist meðal annars af því að 2002 hafi verið kostnaðarauki upp á 6-7 milljónir króna vegna landssöfnunarinnar Göngum til góðs og að afskriftir á pennum hafi komið inn árið 2002. Á móti hafi fyrirtækjasamningar skilað um 8 milljónum og jólahefti 4-5 milljónum í tekjur.

Úlfar Hauksson svaraði spurningu um bága stöðu Alþjóðasambandsins (IFRC).

Hann sagði megin skýringuna vera þá að Bandaríkin borgi ekki framlag sitt. Þau eiga að borga ¼ af framlagi landsfélaga til þess. Það hafa þeir ekki gert í nokkur ár.

Á því eru ýmsar skýringar. Ein þeirra er sú að ísraelska Davíðstjarnan er ekki viðurkennd sem tákn landsfélags í Alþjóðasambandinu. Ísraelar sætta sig ekki við núverandi merki, Rauða krossinn og Rauða hálfmánann og vilja þriðja merkið, þ.e. Davíðsstjörnuna. Bandaríkin veita þeim stuðning í því máli.

Þór Gíslason formaður Sérverkefnasjóðs svaraði spurningum vegna sjóðsins.

Hann sagði að óskir um fjármagn umfram tekjur sjóðsins séu ekki tilefni til þess að leggja sjóðinn niður. Breytingar á reglum sjóðsins hafi verið sendar út til formanna deilda Rauða krossins. Verkefni utan áhersluverkefna RKÍ fái ekki framlag úr Sérverkefnasjóði.

Úthlutun úr sjóðnum verði einu sinni á ári. Í ljósi þess að deildir vinni eftir verkefnaáætlunum sé sú breyting eðlileg. Við úthlutun úr Sérverkefnasjóði skal taka mið af fjárhagslegri stöðu deilda. Að hámarki skal veita 50% af kostnaði verkefnis sem sótt er um framlag til.

Þór fór síðan yfir helstu úthlutanir síðasta árs.

Anna Þrúður Þorkelsdóttir tók til máls. Hún þakkaði fyrir boðið á fundinn, sagðist vera gestur með málfrelsi. Anna þakkaði skýrslur Úlfars Haukssonar og Ólafs Ólafssonar. Hún sagðist ekki hafa miklar áhyggjur af minnkandi tekjum félagsins og minnti á umræðu á aðalfundi 2002 um það hvað kostaði að reka Rauða kross deild. Anna Þrúður sagðist vera talsmaður þess að fast framlag til deilda félagsins hækki og að litlar deildir fái frekar meira fé en minna.

Jón Guðmundsson frá Seyðisfjarðardeild sagðist vera ánægður með reikningana, en spurði um skýringar á eftirlaunaskuldbindingu upp á 3% af skuldum og nemi 56 milljónir króna. Hann sagði að hollt væri að starfa vegna hugsjóna en ekki vegna peninga.

Lára Dan Daníelsdóttir gjaldkeri Garðabæjardeildar RKÍ sagði að þau væru ósátt við skerðingu kassatekna í deildinni. Lagt hafi verið að deildum að gæta peninganna, eiga varasjóð. Deildin hafi fjárfest mjög vel og hafi miklar vaxtatekjur. Lára sagðist ósátt við að í dag væru teknar af deildinni kassatekjur.

Þorfinnur Guðbjartsson frá Reykjavíkurbæ, sagði að það þyrfti að vinna markvisst að því að verja spilakassana. Hann spurði um afskriftir á pennum.

Sigrún Árnadóttir sagði að keypt hafi verið mikið af pennum. Söluvonir hafi ekki gengið eftir. Pennarnir séu nýttir á námskeið og í verkefni Rauða krossins.

Ólafur Ólafsson kom með leiðréttingu á eftirlaunaskuldbindingu. Hún næmi 4,76% af skuldum félagsins, ekki 3% eins og fram kom á glærunni. Ólafur þakkaði ábendingu Jóns Guðmundssonar.

Garðar Guðjónsson þakkaði svörin, góð svör með fyrirvara um að hann vilji fá skriflegt yfirlit um úthlutanir Sérverkefnasjóðs. Sérstaklega á tvisvar sinnum þriggja milljóna framlagi til ungmennahúsa. Garðar þakkaði Láru Dan frá Garðabæjardeild fyrir sitt innlegg og sagði tímabært að breyta reglum um úthlutun kassatekna og taldi skerðingarreglur búnar að þjóna sínum tilgangi.

Úlfar Hauksson sagðist vilja minna á hvers vegna reglur um úthlutun kassatekna voru settar. Þær væru til þess að koma í veg fyrir að peningar söfnuðust upp hjá deildum umfram það sem talið væri eðlilegt. Landsfélagið ætti varasjóð sem grípa mætti til. Deildirnar ættu að verja tekjum sínum til góðra verka samkvæmt reglum RKÍ. Úthlutun kassatekna er verkefni næstu tveggja ára. Ekki sé tímabært að huga að breytingum strax

Reikningar Rauða kross Íslands fyrir árið 2003 voru síðan bornir upp og samþykktir einróma.

Eftir afgreiðslu reikninga ársins 2003(um kl. 19:00) var gert hlé á fundi til laugardagsmorguns. Fulltrúum fundarins var boðið í formlegrar opunar húsnæðis Árneseingadeildar RKÍ að Eyrarvegi 23 á Selfossi.

6. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram til umræðu.

Ólafur Ólafsson gjaldkeri Rauða kross Íslands kynnti og lagði áætlunina fram til umræðu.

Gert er ráð fyrir að tekjur félagsins dragist saman. Kassatekjur árið 2003 voru 517.309 þúsund krónur. Áætlun fyrir 2004 gerir ráð fyrir 500.000 þúsund krónum í

tekjur af söfnunarkössum. En reiknað er með að þær fari jafnvel niður í 480.000 þúsund krónur á árinu 2004.

Hann sagði að spila á kassa væri einfaldur og saklaus leikur, þörfinni verði mætt af öðrum miðlum, neti og fleirum dragi Íslandsspil sig út af markaðnum. Tekjunum væri vel varið og sagði Ólafur samstöðu innann stjórnar Rauða krossins um að standa vörð um kassana. Ólafur spurði hversu stór varasjóður Rauða krossins ætti að vera. Hann sagðist líta svo á að hann ætti að vera frekar stærri en minni. Stór sjóður eflí sjálfstæði Rauða krossins, öryggi hans og tekjur.

Hagræða þurfi í rekstri Rauða krossins og spara alls staðar. Bókhald er fært víða. Það þurfi því að huga að samstæðubókhaldi og meiri hagræðingu í reikningsfærslu.

Ólafur talaði um hvernig fjármunum væri varið. Hann nefndi að Rauði kross Íslands borgi hátt í 90 milljónir á ári vegna samningsbundinna verkefna. Þar af um 1 milljón á viku vegna sjúkrabifreiða. Ólafur spurði hvort rétt væri að Rauði krossinn borgi 1/10 af tekjum sínum í verkefni sem hið opinbera eigi að sjá um. Hann talaði um tekjuskerðingu deilda. Peningar sem deildir fái ekki vegna reglna um peningalega eign fari í önnur verkefni. Rauði kross Íslands sé eitt félag. Sérverkefnasjóð verði að skoða í úttekt á fjármálum Rauða krossins.

Umræður um fjárhagsáætlun næsta starfsárs.

Jón Guðmundsson frá Seyðisfjarðardeild ræddi um sparnað í færslu bókhalds. Hann sagðist ekki sjá sparnað í að færa allt bókhald á einum stað. Bókhald margra deilda sé unnið í sjálfboðavinnu. Ef færa eigi bókhaldið á einum stað verði það unnið af launuðum starfsmanni.

Jón talaði um tekjusamdrátt. Honum fannst fráleitt að fá í hendurnar plagg sem sé rangt. Tekjur og útgjöld muni dragast enn meir saman en í áætluninni. Hann spurði hvers vegna útgjöld vegna hælisleitenda lækki aðeins um 12 milljónir.

Ólafur Ólafsson sagði að breytingar á tekjum frá áætluninni til dagsins í dag skýrðust af því að áætlunin var gerð fyrir áramót. Síðan hafa komið fram breytingar á kassatekjum til lækkunar.

Hann sagði frá því að Hótel Lind var seld nýlega. Því fylgi tekjuaukning.

Anna Þrúður Þorkelsdóttir spurði um söluverð hótelsins og hvað eigi að gera við þá peninga sem fengust við sölu.

Þorfinnur Guðbjartsson frá Reykjavíkurdeild spurði um í hvað væri verið að setja þær 46 milljónir sem renna til upplýsinga- og markaðsdeildar og 122 milljónir til innanlandsstarfs.

Jón Guðmundsson frá Seyðisfjarðardeild sagðist ekki vera lærður í bókhaldi. En sagðist ekki sjá hagræðinguna í því að bókhald deilda verði fært á einum stað. Hann sagðist frekar sjá hagræðingu í því að deildir færi sitt bókhald og hafi með því yfirlit yfir sín fjármál.

Jón sagðist ekki sjá hagræðingu í því að bókhald sjúkrabíla var fært frá deildum á sameiginlegar skrifstofur. Hann varaði við því að treysta á fjármagnstekjur sem öruggan tekjustofn og gagnrýndi að tekjuáætlun hefði ekki verið breytt í samræmi við nýjar upplýsingar.

Sigrún Árnadóttir ræddi sölu Hótelis Lindar. Hún sagði að söluverðið væri trúnaðarmál. Þar væri um góðan samning að ræða fyrir félagið. Bæði skilaði hann fjármunum inn til þess og losaði það undan rekstrarkostnaði vegna hótelsins. Hún skýrði útgjöld til upplýsingasviðs og innanlandssviðs. Til upplýsingasviðs renna samkvæmt áætlun 46.762 þúsund krónur. Árið 2003 var rekstur upplýsingasviðs 34.557 þúsund krónur. Hækkunin skýrist meðal annars af því að í haust verður landssöfnunin Göngum til góðs. Til Innanlandssviðs renna 122.453 þúsund krónur. 2003 runnu 132.621 þúsund krónur til innanlandsdeildar. Meginskýring lækkunarinnar er sú að Rauðakrosshúsið hætti starfssemi 30. apríl og hjálparsíminn 1717 færast yfir til Reykjavíkudeildar með breyttu sniði og verður því ekki lengur rekinn af landsskrifstofu Rauða krossins.

Fjárhagsáætlun var síðan borin upp og samþykkt. Tveir greiddu atkvæði á móti.

7. Árgjald félaga fyrir næsta starfsár ákveðið.

Ólafur Ólafsson gjaldkeri Rauða kross Íslands sagði að árið 2003 hafi árgjaldið verið hækkað í 1.000 krónur. Tillaga stjórnar er að árgjaldið verði óbreytt, krónur 1.000 kr.

Tillagan samþykkt einróma.

8. Framkvæmdaáætlun næsta starfsárs lögð fram til umræðu.

Sigrún Árnadóttir framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands fór yfir framkvæmdaáætlun landsskrifstofu Rauða krossins. Hún sagði að eins og aðrar áætlanir félagsins byggist framkvæmdaáætlun skrifstofunnar á nýrri stefnu til ársins 2010, sem samþykkt var á aðalfundi Rauða krossins 2003.

Fyrsti kafla stefnunnar fjallar um að kynna og breiða út grundvallarmarkmið hreyfingarinnar og mannúðarhugsjónir hennar. Fyrsta markmiðið er að auka þekkingu á grundvallarmarkmiðum og gildum Rauða kross hreyfingarinnar með fræðslu innan félags og utan.

Helstu verkefni á þessu sviði á árinu 2004 eru námskeið um viðhorf og virðingu, sem nú er verið að þróa. Formenn fengu kynningu á námskeiðinu á síðasta formannafundi. Genfarsamningarnir eru nú komnir út í heild sinni á íslensku. Félagið mun vinna að útbreiðslu samninganna í samvinnu við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri með sérstakri áherslu á fræðslu laganema, lögreglu og íslensku friðargæsluna.

Í vinnu að málsvarastarfi í þágu þeirra sem standa höllum fæti er lögð áhersla á tvo hópa. Aðflutta íbúa og unglunga sem þurfa á málsvara að halda. Á þessu ári verður málsvarastarf undirbúið enn frekar undir yfirskriftinni “virðing, umburðarlyndi og skilningur”. Á árinu verður einnig lögð sérstök áhersla á börn í stríði. Landssöfnunin Göngum til góðs 2. október nk. verður helguð því málefni.

Annar kafli stefnunnar fjallar um neyðarvarnir og neyðaraðstoð. Landsskrifstofan mun halda áfram að aðstoða deildir við að vinna í samræmi við nýlegan samning um almannavarnir og aðstoða þær við að uppfæra neyðarvarnaáætlanir sínar.

Neyðaraðstoð utan almannavarnarskipulags er nýtt verkefni í stefnu félagsins enda þótt margar deildir hafi veitt slíka aðstoð á undanförunum árum. Hún á nú að vera með markvissari og með skipulegri hætti en áður. Stefnt er að því að menn geti reitt sig á að svipuð eða sams konar aðstoð sé veitt um land allt.

Í skyndihjálpi verður áfram unnið í samræmi við stefnu félagsins sem samþykkt var á aðalfundi 2002. Einkunnarorð hennar eru “útbreiðsla, gæði og arðsemi”.

Tíu sjúkrahólar verða boðnir út á árinu og ættu að vera komnir á götuna um næstu áramót. Samningurinn um sjúkraflutninga rennur út í lok næsta árs. Á þessu ári verður hafinn undirbúningur að endurnýjun hans.

Neyðarbeiðnum frá Alþjóðasambandinu og Alþjóðaráðinu verður mætt með fjármagni og sendifulltrúum eins og verið hefur.

Þriðji kafli stefnunnar fjallar um heilbrigði og umönnun.

27 deildir félagsins hyggjast veita heimsóknarþjónustu á þessu ári og í 7 deildum verða starfandi ökuvinir. Landsskrifstofan heldur námskeið fyrir heimsóknarvini og styður auk þess heimsóknarþjónustu með ýmsum öðrum hætti.

Nú er unnið að þarfagreiningum í málefnum geðfatlaðra á höfuðborgarsvæðinu og á Norðurlandi. Á næsta ári verður þar með búið að gera þarfagreiningar á málefnum geðfatlaðra um land allt. Þarfagreiningarnar eru mikilvæg tæki til að sýna hvaða þjónustu vantar fyrir þennan hóp fólks og hvaða verkefnum við eigum að sinna.

Rekstur sjúkrahótelsins hefur verið endurskoðaður og er gert ráð fyrir að félagið hætti rekstri þess um áramót og ríkisvaldið taki við rekstrinum.

Í þróunarsamvinnu hefur Rauði kross Íslands síðastliðin ár stutt viðleitni systurfélaga sinna í sunnanverðri Afríku til að sporna við útbreiðslu alnæmisfaraldursins og hlúa að þeim sem hafa sýkst og aðstoða fjölskyldur þeirra. Unnið er að verkefnum í Malawi, Suður-Afríku og Mósambík.

Landskrifstofan mun á árinu halda áfram að veita deildum ráðgjöf og stuðning í forvarnamálum og aðstoða við undirbúning og starfrækslu ungmennahúsa. Gert er ráð fyrir að þrjú ungmennahús bætist við á þessu ári – nú þegar hefur verið opnað hús í Hveragerði og síðar á árinu er gert ráð fyrir að ungmennahús opni á Egilsstöðum og í Vestmannaeyjum. Á öðrum stöðum hafa Rauða kross deildirnar dregið sig út úr rekstrinum eftir að húsin eru komin á laggirnar, m.a. á Akranesi og á Ísafirði. Nú er unnið að mati á árangri Fjölsmiðjunnar í Kópavogi og verður fróðlegt að sjá niðurstöður þess. Þá stendur til að þróa nýja þjónustu sem er heimsóknarþjónusta ungs fólks til jafningja sinna en margt ungt fólk býr við einsemd og einangrun, m.a. vegna veikinda. Síðasta markmiðið í þriðja kafla stefnunnar er stuðningur við fólk af erlendum uppruna til auðvelda því aðlögun að íslensku þjóðfélagi. Starf að málefnum hælisleitenda tók miklum breytingum um síðustu áramót og er verið að efla réttindagæslu og málsvarastarf vegna þeirra.

Fjórði kafli stefnunnar fjallar um innra starf Rauða kross Íslands.

Tekist hefur vonum framar á undanförnum mánuðum að fjölga sjálfboðaliðum eða um 28% á síðasta ári. Að hluta til er þetta vegna bættrar skráningar á sjálfboðaliðum. Lögð er áhersla á að þróa nýjar leiðir til að ná til fleiri með minni tilkostnaði. Vefur félagsins nýtur sívaxandi vinsælda. Heimsóknir eru nú orðnar 13 þúsund á mánuði og hafa þrefaldast á tveimur árum. Hjálpinni var nú síðast dreift með Morgunblaðinu og fór með því inn á 70 þúsund heimili í landinu með mun minni kostnaði en áður vegna auglýsingatekna.

Áfram verður unnið að því að ná auknum tekjum til félagsins eftir öðrum leiðum en frá Íslandsspilum. Landssöfnunin “Göngum til góðs” fer fram laugardaginn 2. október nk. Afrakstri hennar verður varið til verkefna fyrir börn í stríði. Á þessu ári verður auk þess haldið áfram að fá fyrirtæki til að styðja Rauða krossinn, jólahefti verður gefið út eins og áður og hrundið af stað skyndisöfnunum ef meiriháttar hamfarir verða erlendis. Ein nýjung í fjáröflun félagsins er að flugfélagið Iceland Express safnar klinki meðal farþega sinna fyrir Rauða krossinn. Bundnar eru miklar vonir við áframhaldandi samstarf við flugfélagið.

Landskrifstofan vinnur að bættri áætlanagerð og þróun mælikvarða fyrir árangur verkefna, með því að styðja áætlanagerð og skipulagningu verkefna í deildum en einnig með stefnumótunarráttum og með þróun mælikvarða fyrir verkefni. Rannsóknir á stöðu einstakra hópa sem félagið sinnir falla einnig undir þennan lið. Nú er t.d. unnið að því að safna saman upplýsingum um stöðu útlendinga á Suðurlandi og Suðurnesjum.

Á síðasta formannafundi var í fyrsta sinn gerð könnun á því hvað formönnum deilda finnst um þjónustu landskrifstofunnar. Þar kom í ljós almenn ánægja með viðmót starfsfólks skrifstofunnar og samskipti formanna við hana. Ýmislegt má þó bæta, þar á meðal upplýsingastreymi frá landskrifstofu til deilda og bæta má ráðgjöf og stuðning

sem deildir fá frá skrifstofunni. Að þessu verður unnið á næstu mánuðum og könnunin endurtekin á næsta formannafundi.

Sigrún sagði að lokum að framkvæmdaáætlanir væru einungis tæki til þess að hrinda stefnu félagsins í framkvæmd. En það væru verkin sem tala, þau skipti mestu máli. Hún hvatti alla innan félagsins, sjálfboðaliða sem starfsfólk að vinna ötullega að því að orð leiði til athafna sem bæta aðstæður fólks, bæði hér heima og erlendis.

Umræður um Framkvæmdaáætlun.

Jón Guðmundsson frá Seyðisfjarðardeild þakkaði áætlunina. Hann þakkaði starfsfólki landsskrifstofunnar fyrir ánægjuleg samskipti. Svörun við beiðnum deilda væri skjót og góð. Jón sagði að leiðrétta þurfi ímynd Rauða krossins gagnvart spilakössunum því Rauði krossinn væri ávallt tengdur spilakössunum, oft ekki á jákvæðan hátt.

Kaffihlé.

Eftir kaffihlé tók Ólafur Helgi Kjartansson við fundarstjórn. Þakkaði hann traust við stjórn fundarins og góð kynni við sjálfboðaliða Rauða krossins. Kynnti síðan næsta dagskrárlið og framsögumann.

9. Lagabreytingar.

Úlfar Hauksson formaður Rauða kross Íslands lagði fram tillögur um breytingar á lögum Rauða krossins, en þær eru á fylgiskjali þessarar fundargerðar. Hann sagði að núverandi lög félagsins væru frá 1997. Síðan hafi þó verið gerðar breytingar á þeim. Því sé orðið tímabært að uppfæra öll lög félagsins. Stjórn RKÍ ákvað að endurskoða lög félagsins á fundi þann 31. október 2003. Skipaður var vinnuhópur sem fór yfir lögini með tilliti til breytinga sem hafa átt sér stað á undanförunum árum og leiðbeininga Alþjóðasambandsins um lög landsfélaga frá árinu 2000. Hann rakti síðan hvernig vinnan að endurskoðun laganna hefði farið fram í vinnuhópnum, kynningu í deildum og á formannafundi í mars sl.

Úlfar lagði einnig fram breytingatillögur stjórnar við framlagðar tillögur til breytinga á lögum Rauða kross Íslands:

1.

Lagt er til að 3. gr. hljóði svo: “Merki Rauða kross Íslands er rauður kross á hvítum grunni í samræmi við Genfarsamningana og viðbótarbókanir við þá. Merkið skal nota í samræmi við reglur Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans. Stjórn Rauða kross Íslands setur nánari reglur um notkun merkisins innan félagsins og á samstarf við stjórnvöld um vernd þess.”

2.

Lagt er til að eftirtaldar breytingar verði gerðar á 4 gr. tillögunnar: 3. mgr. hljóði svo: “Félagar eru skráðir í deild Rauða kross Íslands að eigin vali. Félagar sem hafa greitt árgjald síðasta árs hafa fullan atkvæðisrétt og kjörgengi á aðalfundi sinnar deildar. Heiðursfélagar og félagar sem eru undanþegnir greiðslu árgjalds hafa fullan rétt aðalfundi. Félagi getur sagt sig úr Rauða krossi Íslands skriflega hvenær sem er.” Í stað núverandi 4. mgr. komi ný málsgrein svohljóðandi: “Stjórn Rauða kross Íslands getur vísað félaga úr félaginu fyrir alvarlegar sakir, að höfðu samráði við viðkomandi deild, og skal það tilkynnt félaganum tafarlaust. Félagi sem vísað hefur verið úr félaginu getur skotið þeirri ákvörðun til sérstakrar nefndar, sem skipuð skal hverju sinni. Nefnd þessi skal skipuð 7 mönnum, formönnum svæðisráða og einum hæstaréttarlögmanni, sem skipaður skal af stjórn Rauða kross Íslands og skal hann jafnframt vera formaður. Niðurstaða nefndarinnar er endanleg og getur nefndin annað hvort staðfest ákvörðun stjórnarinnar um brottvísun eða fellt hana úr gildi.” Núverandi 4. mgr. verði 5. mgr.

Úlfar þakkaði vinnuhópnum um lagabreytingarnar fyrir starf hans.

Eftir framsögu Úlfars var gert hlé á aðalfundinum.

Í hléi frá aðalfundarstörfum flutti Steinunn Hrafnadóttir kynningu á: “Niðurstöðum rannsóknar á framlagi og efnahagslegu mikilvægi sjálfboðastarfa”.

Þá voru einnig flutt þrjú fræðsluerindi:

- a) Stríðsátök og Genfarsamningar – verkefni deilda.*
- b) Breytingar á veðri og náttúru og neyðarvarnir – verkefni deilda.*
- c) Rannsóknir á vanda barna og ungmenna – verkefni deilda.*

Umræður um lagabreytingar

Garðar Guðjónsson formaður Kópavogsdeildar sagði að formönnum hefði borist bréf í febrúar frá formanni Rauða krossins þess efnis að til stæði að gera breytingu á lögum félagsins.

Garðar sagðist setja spurningamerki við það, að í vinnuhópnum sem fór yfir löggin áttu sæti þrír starfsmenn landsskrifstofunnar, einn fulltrúi URKÍ, þrír stjórnarmenn í Rauða krossi Íslands og þrír almennir fulltrúar deilda, þar af einn formaður. Hann gerði athugasemdir við að svo stór hluti hópsins væri án atkvæðisréttar á aðalfundinum.

Garðar sagðist hafa orðið við ósk formannsins og sendi nokkrar athugasemdir við bréfið sem sent var út. Hann hafi komist að því síðar að þessar vangaveltur hans voru eina erindið sem barst hópnum.

Í bréfi sínu sagðist Garðar hafa gert alvarlegar athugasemdir við fyrstu tillögur að lagabreytingum sem landsskrifstofan sendi út í aðdraganda formannafundarins. Ekki síst við tillögu hópsins um að halda aðalfund annað hvert ár.

Garðar fór síðan yfir tillöguna að lagabreytingunum og kom með eftirfarandi breytingatillögur frá Kópavogsdeild:

Breytingatillaga við 5. gr.

a.

„Aðalfundur Rauða kross Íslands, haldinn á Selfossi dagana 21. og 22. maí 2004, samþykkir að 1. mgr. 5. gr. tillagna að breytingum á lögum Rauða kross Íslands verði svohljóðandi:

Æðsta vald í málefnum félagsins hefur aðalfundur Rauða kross Íslands sem skal haldinn fyrir miðjan júní ár hvert. Stjórn Rauða kross Íslands skal boða til hans með eins mánaðar fyrirvara í ábyrgðarbréfi til deilda og með tilkynningu á vef félagsins eða öðrum opinberum hætti. Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

b.

Jafnframt felur aðalfundurinn stjórn félagsins að skipa starfshóp til þess að fjalla um fyrirkomulag aðalfunda félagsins, einkum með tvennt í huga; annars vegar hvort og þá hvernig draga megi úr kostnaði vegna fundanna og hins vegar hvernig haga megi dagskrá fundanna þannig að meiri tími geti gefist til almennrar málefnavinnu. Starfshópinu skulu skipa fjórir fulltrúar deilda, tveir fulltrúar stjórnar og einn starfsmaður landsskrifstofu sem jafnframt er ritari hópsins. Hópurinn kynni áfangaskýrslu vegna vinnu sinnar á formannafundi 2005 en tillögur hópsins, ef einhverjar verða, skulu lagðar fyrir aðalfund 2005 til umræðu og afgreiðslu.“

Breytingatillaga við 5. gr.

“Aðalfundur Rauða kross Íslands, haldinn á Selfossi dagana 21. og 22. maí 2004, samþykkir að breyta 6. gr. tillagna að breytingum á lögum Rauða kross Íslands sem hér segir:

5. töluliður verði svo: Skýrsla stjórnar Rauða kross Íslands um síðasta starfsár lögð fram til umræðu.

6. töluliður verði svo: Endurskoðaðir reikningar síðasta reikningsárs lagðir fram til umræðu og atkvæðagreiðslu.

7. töluliður verði svo: Fjárhagsáætlun næsta reikningsárs lögð fram til umræðu.”

Breytingatillaga við 6. og 7. gr.

“Aðalfundur Rauða kross Íslands, haldinn á Selfossi dagana 21. og 22. maí 2004, samþykkir að breyta 7. gr. tillagna að breytingum á lögum Rauða kross Íslands þannig að greinin verði samhljóða 6. grein núgildandi laga nema í stað RKÍ kemur Rauða kross Íslands.”

Breytingatillaga við 20. og 21. gr.

“Aðalfundur Rauða kross Íslands, haldinn á Selfossi dagana 21. og 22. maí 2004, samþykkir að 20. gr. tillagna að breytingum á lögum Rauða kross Íslands verði felld brott en að sú grein sem nú er 21. gr. verði 20. gr.”

Breytingatillaga við 14. gr.

“Aðalfundur Rauða kross Íslands, haldinn á Selfossi dagana 21. og 22. maí 2004, samþykkir að breyta 14. gr. tillagna að breytingum á lögum Rauða kross Íslands sem hér segir:

Í stað **Stjórn** í 4. mgr. komi **Aðalfundur**, og málsgreinin verði því þannig: Aðalfundur Rauða kross Íslands setur almennar reglur um störf deilda, stjórnir þeirra og skipulag. Stjórnar- og nefndarstörf í deildum eru ólaunuð.”

Garðar sagði að ef þessi tillaga verði samþykkt sé nauðsynlegt að gera breytingar á 5., 6., 7., 20. og 21. gr. tillagna stjórnar.

Garðar bað um að tillögunum verði dreift fari þær í afgreiðslu fundarins.

Hann sagði að með því að halda aðalfund félagsins á tveggja ára fresti myndu deildirnar í félaginu framselja æðsta vald til 11 manna stjórnar til tveggja ára í senn. Og með því stórauka áhrif og völd starfsmanna landsskrifstofunnar um málefni félagsins. Starfsmenn landsskrifstofunnar gegni auðvitað lykilhlutverki sem ráðgjafar formanns og stjórnar. Það komi fyrst og fremst í þeirra hlut að undirbúa mál. Ákvarðanir stjórnar hljóti að ráðast að miklu leyti af því hvernig mál eru undirbúin og lögð fyrir.

Þá muni draga verulega úr almennri þátttöku í starfi félagsins. Aðalfundirnir séu fjölmennustu samkomur félagsins. Þeir hafi aðdráttarafll fyrir deildirnar ekki síst vegna þess valds og þeirra réttinda sem fylgir setu á aðalfundi.

Aðalfundur á tveggja ára fresti dragi úr aðgengi fólks, sjálfboðaliðanna í félaginu, að æðstu stofnunum félagsins. Og breytingin geti verið til þess fallin að draga úr trúverðugleika félagsins útávið.

Sigríður Hrönn Elíasdóttir frá Súðavíkudeild sagði að formannafundur Rauða krossins í mars hafi sýnt samstöðu með tillögum stjórnar um lagabreytingar. Hún sagðist vera fylgjandi lagabreytingatillögu stjórnar.

Aðalbjörg Lúthersdóttir frá Reykjavíkudeild sagði að breytingatillögur Kópavogsdeildar hafi ekki breytt sinni afstöðu til tillagna stjórnar, sem hún sagðist styðja.

Birgir Freyr Birgisson frá Reykjavíkudeild sagðist vera mótfallinn því að aðalfundur verði haldnir á tveggja ára fresti. Hann sagðist vera sammála breytingatillögu Kópavogsdeildar. Birgir sagðist vera hræddur um að doði færðist yfir hreyfinguna ef aðalfundur er haldinn á tveggja ára fresti.

Unnur Hjálmarsdóttir frá Reykjavíkudeild þakkaði Garðari fyrir hans innlegg og sagðist styðja hans sjónarmið. Hún sagði að greinargerð vantaði með þeim hluta 14. gr. sem fjallar um að félagar undir 18 ára séu án atkvæðisréttar.

Unnur flutti breytingatillögu við 14. gr.:

Félagar undir 18 ára aldri hafi atkvæðisrétt á aðalfundi.

Þóra Kristín Ásgeirsdóttir formaður fulltrúaráðs URKÍ sagðist fagna 16. gr. lagabreytingatillögu stjórnar um svæðabundna samvinnu deilda og ungmennastarf.

Þorfinnur Guðbjartsson frá Reykjavíkudeild sagðist styðja tillögur Kópavogsdeildar. Hann gerði athugasemd við 14. gr. um skemmri fyrirvara á fundarboði. Ekki veiti af viku fyrirvara.

Guðrún Mjöll Sigurðardóttir frá Kópavogsdeild sagði nauðsynlegt að veita það aðhald sem þarf í félaginu. Hún taldi ekki rétt að falla frá því að halda aðalfundi árlega.

Rúnar Helgason frá Suðurnesjadeild ræddi um hraða afgreiðslu. Taldi hann ekkert því til fyrirstöðu að halda aðalfund annað hvort ár eins gerð væri tillaga um. Tillagan kæmi hins vegar fram með skömmum fyrirvara. Hann sagðist sammála umræðu um að ákvæði um 4 ára setu í stjórn Rauða krossins geti valdið vanda við að fá fólk til stjórnarsetu.

Hér gerði fundarstjóri matarhlé (12:30–13:10)

Gunnhildur Sigurðardóttir frá Hafnarfjarðardeild sagðist sammála tillögu stjórnar.

Hún flutti breytingatillögu við 10. gr.:

Boða skal til formannafundar það ár sem aðalfundur er ekki haldinn. Á honum skal leggja fram reikninga og fjárhagsáætlun félagsins til kynningar.

Hún spurði um ferilinn að aðalfundum deilda. Henni fannst ekki ástæða til að hafa 18 ára félaga gjaldfrjálsa og án atkvæðisréttar.

Þá lagði hún til að ef lögin yrðu samþykkt verði þau endurskoðuð að fjórum árum liðnum.

Jón Guðmundsson frá Seyðisfjarðardeild, fór fram á að bókað yrði: “Ég mótmæli því að sett séu tímamörk á ræðulengd.” Hann sagði framkomnar tillögur að lagabreytingum vondar og illa ígrundaðar og skoraði á flytjendur að draga þær til baka, endurvinna þær og leggja fyrir næsta aðalfund. Jón benti á að inn í framkominni tillögu um lagabreytingar væri ákvæði í 4. grein um árgjald. Þetta lagði hann til að yrði ákveðið á aðalfundi og færi inn í 6. gr. laganna.

Kristján Sturluson frá Kjósarsýsludeild, stjórnarmaður í Rauða krossinum sagðist fagna umræðunni. Kristján ræddi feril tillögunnar um lagabreytingar Rauða krossins. Á formannafundi í mars voru jákvæðar umræður um þær og því hefði verið ólýðræðislegt að leggja þær ekki fram.

Tillagan um lagabreytingarnar breyttist nokkuð eftir formannafundinn, meðal annars kom inn ákvæði um 4 ára kjörtímabil stjórnar.

Kristján sagði að reyna ætti þessa breytingu á lögum félagsins. Hana ætti síðan að taka til endurskoðunar eftir fjögur ár.

Hann sagði að 1997 hefði verið sett í lög Rauða krossins að stjórnarmenn hefðu ekki atkvæðisrétt á aðalfundum félagsins. Rökin fyrir því voru að stjórn félagsins væri að setja sín verk og afgreiðslur í mat aðalfundar.

Ómar H. Kristmundsson frá Reykjavíkurdeild gerði athugasemd við fundarstjórn vegna þess að málið væri ekki útrætt væri óeðlilegt að loka mælendaskrá. Hann sagðist hafa efasemdir um að leggja tillöguna fram til atkvæðagreiðslu. Fundurinn væri fallinn á tíma til að geta klárað það.

Ómar taldi margt gott í tillögunni og sagðist styðja flest það sem kemur fram í tillögu stjórnar.

Algengt væri í félögum á Íslandi að aðalfundir væru haldnir á tveggja til 3 þriggja ára fresti. Ómari fannst ekki farsælt að ljúka málinu með þeim hætti sem nú væri í gangi.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson frá Hafnarfjarðardeild, stjórnarmaður í Rauða krossinum, sagði að stjórn RKÍ hafi lagt sig fram um lýðræðisleg vinnubrögð við lagagerðina.

Hann sagði að grasrótin stýrði félaginu, stjórnarmenn kæmu úr grasrótinni. Jóhannes ræddi feril málsins. Ekkert lá fyrir um annað en að allar deildir utan Kópavogsdeildir væru sammála breytingunum. Málið hefði verið kynnt í bréfum, rætt á formannafundi, svæðisfundum og engar athugasemdir borist nema frá einni deild.

Jóhannes sagði ferillinn hafa valdið sér miklum vonbrigðum.

Úlfar Hauksson tók til máls. Hann sagði að ef ætti að gera breytingar á lögum félagsins þurfi að vera umtalsverður meirihluti á fundinum fyrir breytingunni.

Stjórn Rauða krossins hafi ekki haft hugmynd um að deildir hefðu aðra skoðun á málinu í dag en á formannafundinum.

Úlfar flutti tillögu um að atkvæðagreiðsla um lagabreytingar verði tekin af dagskrá.

Dagskrártillagan var strax tekin til afgreiðslu

Tillagan var samþykkt, 5 greiddu atkvæði á móti.

Kaffihlé

Í kaffihléinu var boðið upp á “Markaðstorg verkefna”. Þar sýndu allmargar deildir Rauða krossins verkefni sín bæði í máli og myndum.

10. Kosning formanns samkvæmt 6. gr. laga Rauða kross Íslands.

Sigurður Ólafsson frá Akureyrardeild, formaður kjörnefndar flutti tillögu kjörnefndar.

Kosning formanns

Nefndin leggur til að Úlfar Hauksson verði endurkjörinn formaður.
Samþykkt einróma.

Kosning stjórnarmanna

Nefndin leggur til að eftirtaldir einstaklingar sem hafa lokið kjörtímabili sínu í stjórn Rauða krossins verði endurkjörnir. Þeir eru:

Anna Stefánsdóttir Kópavogi, Kristján Sturluson Mosfellsbæ og Ólafur Ólafsson Kópavogi.
Engar aðrar tillögur komu fram og var tillagan samþykkt samhljóða.

Guðný Sigurðardóttir úr Árnesingadeild og Jóhannes R. Jóhannsson frá Hafnarfjarðardeild hafa setið í stjórn í átta ár og eiga því ekki kost á endurkjöri.

Nefndin gerir tillögu um að Ómar H Kristmundsson frá Reykjavíkurdeild og Þórdís Magnúsdóttir frá Hveragerðisdeild verði kosin í stjórn Rauða Krossins til tveggja ára.

Ekki komu aðrar tillögur og var tillaga nefndarinnar samþykkt án mótatkvæða.

11. Kosning tveggja skoðunarmanna.

Tillaga nefndarinnar er að Ingunn Einarsdóttir frá Reykjavíkurdeild verði endurkjörin til tveggja ára.

Samþykkt samhljóða.

Þá gerir nefndin tillögu um að Jón Kr. Sólmes verði kjörinn skoðunarmaður til tveggja ára í stað Jóhanns Sæmundssonar sem ekki gefur kost á sér til endurkjörs.

Samþykkt án mótakvæða.

12. Önnur mál

Örn Ragnarsson frá Hafnarfjarðardeild ræddi aukna fordóma sem hann verður var við í starfi sínu sem kennari. Hann hvatti fólk til að leggja lóð á vogarskálina til að berjast gegn fordómum.

Þá sagði Örn frá fataverkefninu sem er samstarf deilda á höfuðborgarsvæðinu. Hann sagði frá tískusýningu í Smáralind í vor og söfnun á hlýjum notuðum fatnaði sem senda á til Afganistan. Um 50 sjálfboðaliðar hafa komið að því verkefni. Fataflokkunin hefur skilað 9 milljónum til hjálparsjóðs síðustu tvö ár. Örn hvatti deildir um allt land til að leita til fataflokkunarinnar ef þær vantar fót. Á síðasta ári fengu um 600 fjölskyldur fatnað, þar af um 1000 börn.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson sagði ánægjulegt að finna áhuga fundarins á starfssemi Íslandsspila. Hann sagði að fundarmenn og deildafólk geti lagt Íslandsspilum lið með því að kynna starfssemina og tala fyrir því að spilakassarnir fái inni í sjoppum og verslunum á svæðum deilda. Hann þakkaði fyrir að hafa setið í 8 ár í stjórn Rauða krossins.

Lárus Guðjónsson frá Akranesdeild spurði um hvort að taka ætti bókfærslu sjúkrabílasjóðs frá þeim deildum sem hafa hana á hendi í dag.

Sigrún Árnadóttir sagði það ekki meininguna að bókhaldið fari frá deildum Rauða krossins til Neyðarlínunnar, hér væri um misskilning að ræða.

Sigrún Jóhannsdóttir frá Bessastaðadeild spurði um hvenær hún fengi tækifæri til að komast til Genfar.

Jens Ívar Albertsson frá Reykjavíkurdeild gerði athugasemd við að Garðar Guðjónsson skyldi vera settur aftast á mælendaskrá. Hann spurði um hvort að færa eigi bókhald deilda á einn stað til að auka miðstýringu.

Einar Óli Fossdal frá A.-Húnavatnssýsludeild ræddi um tekjuöflun. Hann sagði að það yrði að blása í seglin til að auglýsa kassana. Sýna það sem Rauði krossinn er að gera fyrir peningana sem safnast. Hann spurði um hvort ekki væri hægt að selja ríki og sveitarfélögum skyndihjálparnámskeið til að afla peninga.

Lárus Guðjónsson frá Akranesdeild, las svohljóðandi ályktun aðalfundar Akranesdeildar þar sem mótmælt er flutningi sjúkrabílabókhalds til Neyðarlínunnar:

“Aðalfundur Akranesdeildar Rauða kross Íslands ályktar eftirfarandi:

Aðalfundur Akranesdeildar Rauða kross Íslands mótmælir þeim fyrirátun Rauða kross Íslands að færa skrifstofuhald v/sjúkraflutninga frá deildum félagsins til einkaaðila eins og Neyðarlínunnar.

Aðalfundur Akranesdeildar Rauða kross Íslands telur að það sé ekkert sem mæli með því að koma þessari starfsemi til Neyðarlínunnar, nær væri að vinna að áframhaldi uppbyggingu deilda með því að færa meiri starfsemi til þeirra.

Það hefur sýnt sig að deildarstarf hefur eflst þar sem slík starfsemi eins og skrifstofuhald fyrir sjúkraflutninga hefur verið fyrir komið.

Akranesdeild RKÍ lýsir sig reiðubúna til að taka við frekari starfsemi fyrir RKÍ eins og skrifstofuvinnu fyrir sjúkraflutninga á höfðuborgarsvæðinu sem hefur verið flutt frá Reykjavíkudeild RKÍ.

Eftir því sem deildir fá meira af verkefnum þá eflast þær og starfsemin verður markvissari.”

Jón Guðmundsson frá Seyðisfjarðardeild baðst afsökunar á orðum sínum vegna vinnu sjálfboðaliða við lagabreytingar. Hann þakkaði samstarfið og óskaði nýjum stjórnarmönnum til hamingju með sæti í stjórn Rauða krossins.

Valgerður Þorbjörnsdóttir frá Kjósarsýsludeild sagði að sér fyndist að félagið ætti ekki að vera með öll eggin í einni körfu. Spilakassarnir séu of aðgengilegir og krakkar undir 18 ára aldri séu að spila í þeim. Hún sagði að það verði að finna fleiri leiðir til fjáröflunar. Draga verði úr aðgengi að kössunum. Félagið verði að vera ábyrgt.

Unnur Hjálmarsdóttir frá Reykjavíkudeild, kom með athugasemd. Hún hafi komið með tillögu um breytingu við lög félagsins, en fengið athugasemd um að tillaga hennar væri óhæf. Unnur sagðist ekki vera sátt við það.

Sigrún Árnadóttir sagði að Genfarferðum sem farnar voru árlega hafi verið fækkað niður í að vera farnar á þriggja ára fresti. Það sé þó ekki á áætlun að fara í ár þó að kominn sé tími á ferð. Verið sé að skoða ferðir á vegum Rauða krossins í heild sinni. Deildafólk fari orðið meira í heimsóknir til vinadeilda erlendis.

Ólafur Helgi Kjartansson fundarstjóri þakkaði fyrir fundinn af hálfu fundarstjóra.

Úlfar Hauksson lagði fram tillögu að ályktun fundarins:

“Aðalfundur Rauða kross Íslands fordæmir ítrekuð brot á Genfarsamningunum að undanfögnu, þar á meðal hryðjuverkaárásir á óbreytta borgara, pyntingar á fögum og óhóflega beitingu vopnavalds sem hefur í för með sér ólýsanlegar þjáningar fyrir saklaust fólk.”

“Rauði krossinn hvetur íslensk stjórnvöld til að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að mannúðarlög verði virt í hvívetna. Fundurinn bendir á að aðildarríki Genfarsamninganna hafa bæði skuldbundið sig til að fara eftir samningunum og tryggja að þeir séu virtir.”

Ályktunin var samþykkt með lófataki.

Fundarslit.

Úlfar Hauksson þakkaði lærdómsríkar umræður á fundinum. Hann sagði að það væri umhugsunarefni hvernig samræður ættu að vera á milli stjórnar og almennra félaga innan hreyfingarinnar. Úlfar sagðist vona að árangursríkt starf fylgdi fulltrúum heim af fundinum. Hann bauð nýtt stjórnarfolk velkomið til starfa og þakkaði fráfarandi stjórnarfólki fyrir vel unnin störf í þágu hreyfingarinnar. Úlfar lagði til að bókaðar yrðu þakkir til starfsfólks og starfsmanna fundarins.

Að lokum þakkaði Úlfar Hauksson formaður Rauða kross Íslands fyrir hreinskilin skoðanaskipti og fyrir fundinn og sleit honum síðan.

Aðalfundi Rauða kross Íslands slitið kl. 17:05.

Þingskjöl lögð fram á fundinum:

- Fundargerð síðasta aðalfundar
- Endurskoðaðir reikningar síðasta reikningsárs
- Rekstraráætlun fyrir Rauða kross Íslands árið 2004
- Tillaga um árgjald
- Tillögur starfshóps um breytingar á lögum Rauða kross Íslands
 - a) breytingartillaga frá stjórn Rauða kross Íslands
 - b) breytingartillaga frá Kópavogsdeild Rauða kross Íslands
- Tillaga kjörnefndar
- Ályktun aðalfundar